

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn laugardaginn 16. okt. 2010 í Sögusetri íslenska hestsins að Hólum í Hjaltadal

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Magnús Jósefsson ritari, Eyþór Einarsson gjaldkeri og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Ólafur Einarsson boðaði forföll.

Fundur hófst á því að Arna Björg Bjarnadóttir forstöðumaður **Sögusetursins** tók á móti stjórnarmönnum og leiddi þá um safnið og kynnti starfsemina. Ræddi einnig við fundarmenn um verkefni framundan sem og mikilvægi þess að starfseminni verði tryggt öruggt fjármagn. Stefnt að frekara samstarfi með hugsanlega söguritun í huga.

Því næst var gengið til dagskrár.

Aðild hestaferðabænda inn í FHB rædd, samþykkt að taka málið upp á aðalfundi til umræðu og úrvinnslu í framhaldinu.

Markaðsverkefnið „Imprinted by origin“ kynnt af Huldu. Vel á veg komið, stefnt að formlegri opnun vefseturins eftir áramót.

Kristinn sagði frá störfum **nefndar um stöðu og þróun Landsmóta**. Búið er að funda nokkrum sinnum og stefnt að því að skila áfangaskýrslu á landsþingi og halda svo vinnunni áfram og skila fullbúinni skýrslu í mars.

Sigríður Björnsdóttir dýralæknir hrossasjúkdóma kom til fundar og ræddi stöðu smitandi hósta í hrossum. Sagði erfitt að leggja mat á stöðuna. Hennar tilfinning sé að hann sé í rénun, en honum er ekki lokið. Folöldin verða mjög móttækileg fyrir þessu síðsumars og þá fer önnur hringrás í gang. Nokkuð um endursmit af folöldum, virðist geta mallað lengi.

Ekki á rökum reist að um mikinn folaldadauða sé að ræða. Af sautján folöldum sem hafa verið krufin á Keldum virðast aðeins fimm hafa drepist af orsökum tengdum hóstanum.

Ekki eru til gögn um folaldadauða í venjulegu árferði þannig að erfitt er að bera ástandið saman við „eðlileg“ ár.

Árferði fyrir ormasýkingar, hross meira haldin heima og í minni hólum. Einnig dæmi um selenskort og fitudrep sem tengist skorti á e vítamíni. Ástæða til að ætla að selenskortur geti orðið vandamál á áhrifasvæði gossins.

Útflutningur fór af stað í september og hefur ekki orðið neitt bakslag þar, einangrun gengið vel.

Búið að taka sýni úr kindum og nautgripum og það er ekki þessi sjúkdómur.

Hóstinn mun halda áfram og koma upp næsta vetur þó ekki þurfi að reikna með öðrum faraldri. Gera má ráð fyrir því að taka þurfi einhver hross úr hópum eða hesthúsum svo þau smiti ekki út frá sér.

Einnig rætt um skráningarmál og lyfjaskráningu.

Ályktun frá Hr.Aust. lesin og kynnt, en þeir mótmæla fyrirætlunum um Landsmót 2011 sem þeir segja stangast á við bæði HM og fjórðungsmót á Austurlandi.

Sigbjörn kynnti **skoðanakönnun FEIF Task Force**. Bað stjórnarmenn að hugsa þau mál og svara könnuninni.

Undirbúningur fyrir aðalfund 2010 var næstur á dagskrá. Farið yfir dagskrá, starfsmenn fundarins, gesti og hugmyndir að tillögum eða ályktunum sem stjórn hyggst leggja fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

HGG/hgg